

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Laxar fiskeldi ehf.	13.11 og 16.11.20	Þorlákshöfn	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
450220-1400	8.11.33	Já.	Landeldi, allt að 500 tonn árlega af laxaseiðum.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleiðsla ársins 2019 var umfram leyfilegt magn. Framleiðsla ársins 2019 var rúm 716 tonn. Það sem af er ári 2020 hafa verið framleidd 731 tonn. Þegar eftirlitið fór fram voru u.þ.b. 57 tonn í stöðinni.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Það eru komnar myndavélar í ker, til að fylgjast betur með fóðrun. Stækkunaráform eru í vinnslu. Verið að setja upp EQS gæðakerfið. Seiðum er ekki lengur dælt beint í brunnbát úti fyrir eldisstöð, líkt og var gert í einhver skipti á árinu 2019, heldur er honum keyrt í bílum í höfnina í Þorlákshöfn þar sem þeim er dælt um borð í brunnbátinn. Útrás frárennslis hefur verið færð nær fiskigildru í frárennslisskurði og búið er að grafa skurðinn meira niður og slétta frá gildrunni til að minnka líkur á uppsöfnun fóðurleifa og skíts. Einnig er búið að setja niður nokkur stór steipt stykki í frárennslisskurðinn til að brjóta ölduna þegar hún gengur á land/upp skurðinn.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 4.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar eru góðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársskýrslu v. 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí sl. Grænt bókhald uppfyllti ekki kröfur um ársyfirlit.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				Ársyfirliti var skilað 8. desember 2020
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		Grænu bókhaldi vegna ársins 2019 var skilað 11. júní sl.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Í lagi.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi. Uppfærður samningur vegna áætlaðrar stækkunar er til staðar um móttöku dauðfisks ef um massadauða yrði að ræða.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið eru til staðar.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Fóðrun stýrt með fódurtölvu og fylgst með fóðrun með myndavélakerfi. Fóðurstuðull undir einum.
Er skráning á losun fósíors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X	X		Losun hefur verið reiknuð út frá fódri í kg. Losun hefur ekki verið sett fram sem kg/framleitt tonn. Seinast var mælt í nóvember 2019.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða?	X			Engin óeðlileg lykt var, fiskur né aðskotahlutir í frárennslis. Örlítið af fódurleifum/skít voru í

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?				frárennisskurði og merki um fugl. Talsvert var af fugli á við útrásina en líklega ekki meira en eðlilegt getur talist á þessu svæði.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.		X		Engin hreinsun er á frárennslinu. Frárennsli allra kerja sameinast og rennur í gegnum fiskigildru eftir skurði út í Atlantshafið.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Viðtaki er Atlantshafið, mikil og hröð vatnsskipti. Í u.þ.b. 100 m fjarlægð frá ystu kerjum.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Plast undan fóðuropokum er baggað á staðnum og skilað til Pure North í endurvinnslu. Dauðfiskur fer í meltutank. Hreinsitækni hefur sótt meltuna og farið með til urðunar í Fíflholtum. Íslenska gámafélagið sækir annan úrgang.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Skv. starfsleyfi skal mæla COD og svifagnir þriðja hvert ár.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöðum mælinga hefur verið skilað.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Núna í desember 2020. Rekstraraðili tekur sýnið og Sýni ehf. mælir.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Sex frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlitsheimsókn 2019 og þrjár ábendingar voru gerðar.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

<b>Samantekt:</b>	<p>Enn er opið frávik frá 2019 v. hreinsunar á frárennsli. Rekstraraðili gerði tilraunir með að setja ristar í færeyinga til að grípa fastefni en þær voru fjarlægðar þar sem þær stífluðust. Í stækkunaráformum rekstraraðila er ekki gert ráð fyrir hreinsun, og er sú framkvæmd í umhverfismati.</p> <p>Laxaseiðastöð sem framleiðir umfram leyfilegt magn starfsleyfis. Framleiðsla ársins 2019 var u.þ.b. 43% umfram leyfilega framleiðslu. Framleiðsla það sem af er ári 2020 er enn meiri, 731 tonn.</p> <p>Grænu bókhaldi vegna ársins 2019 var skilað of seint. Gögnin uppfylltu ekki kröfur sem eru gerðar til skila ársyfirlits. Ársyfirliti 2019 var skilað 8. desember 2020.</p> <p>Verið er að setja upp þrjú nýja tvöfalda olúgeyma á starfsstöð. Eldri olúgeymir er enn á svæðinu þar sem tafist hefur að klára uppsetningu þeirra nýrri vegna Covid. Rekstraraðila var bent á að huga að árekstrarvörnum geymis þar til hann verður fjarlægður og óskar eftirlitsaðili eftir staðfestingu þess efnis þegar hann hefur verið tæmdur og fjarlægður af svæðinu.</p>
<b>Annað:</b>	Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns:

*Hulda S. Jónasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf Porlákshöfn



<b>Dags eftirlits</b>	13.11.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Laxar fiskeldi ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Laxabraut 9	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	450220-1400	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jóhannes Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sindri Freyr Jónsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik er enn opið frá eftirliti ársins 2019. Frávikið er frá gr. 3.4 í starfsleyfi og snýr að hreinsun frárennslis eldisstöðvar. Frávikinu verður fylgt eftir í aðskildu bréfi.

Fjögur ný frávik komu fram við eftirlitið. Engar ábendingar eru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Rafrænn fundur var haldinn þann 13.11 sl. þar sem farið var yfir gögn og áætlanir og fór eftirlitsaðili í vettvangsferð þann 16.11 sl. þar sem frárennslis og aðstæður voru skoðaðar.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslu, frávik og úrbætur
- Stækkunaráform
- Umfang 2019
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr. 4.1
- Gagnaskil
- Tilkygningar og viðbragðs- og neyðaráætlanir
- Umhverfismarkmið
- Frárennslis, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
  - o Umgengni um mengandi efni
  - o Dauðfiskur
  - o Annar úrgangur
  - o Kvittanir og staðfesting förgunar
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð 884/2017

### Frávik frá

### Lýsing á frávik

gr. 1.2 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni allt að 500 tonnum árlega af laxaseiðum. Framleiðsla ársins 2019 var talsvert umfram leyfilegt magn, eða rúm 716 tonn.

gr. 1.2 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni allt að 500 tonnum árlega af laxaseiðum. Framleiðsla ársins 2020 var talsvert umfram leyfilegt magn, eða meira en 730 tonn.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Ársyfirlit vegna ársins 2019 barst Umhverfisstofnun 8. desember 2020. Frávikinu telst því lokið.

gr. 4.5 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins árs. Grænu bókhaldi vegna ársins 2019 var skilað til Umhverfisstofnunar 11. júní 2020. Frávikinu telst því lokið.

## ANNAÐ

Birgitta Björnsdóttir var einnig viðstödd eftirlitið fyrir hönd Laxa fiskeldis ehf.

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar oliugeyma.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.12.2020



Hulda Soffía Jónasdóttir